

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/78/17

frá 24. maí 2006

um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Tékkland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði*

(tilkynnt með númeri C(2006) 2036)

(Einungis tékkneski textinn hefur lagagildi)

(2006/390/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 6. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

- 1) Með bréfi frá Skrifstofu fastafulltrúa Lýðveldisins Tékklands til Evrópusambandsins frá 1. desember 2005 tilkynnti tékkneska ríkisstjórnin framkvæmdastjórninni, með skírskotun til 4. mgr. 95. gr. sáttmálans, um innlend ákvæði varðandi kadmíuminnihald í áburði sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að viðhalda eftir samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð ⁽¹⁾ 13. október 2003.

1. ÁKVÆÐI 4. OG 6. MGR. 95. GR. SÁTTMÁLANS

- 2) Í 4. og 6. mgr. 95. gr. sáttmálans segir:

„4. Áliti aðildarríki, er ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstöfun til samræmingar, að óhjákvæmilegt sé að viðhalda innlendum ákvæðum sem helgast af grundvallarþörfum þeim sem um getur í 30. gr. eða af sjónarmiðum um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd skal viðkomandi aðildarríki þá tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði þau sem um ræðir ásamt ástæðunum fyrir því að viðhalda þeim.

(…)

6. Framkvæmdastjórnin samþykkir eða hafnar þessum innlendu ákvæðum innan sex mánaða frá tilkynningunni er hún hefur gengið úr skugga um hvort þau feli í sér leið til gerræðislegrar mismununar eða til þess að dulin höft séu lögð á viðskipti milli aðildarríkjanna og hvort þau séu hindrun í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins.

Liggi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ekki fyrir innan þessa frests skal litið svo á að innlendu ákvæðin, sem um getur í 4. mgr. (...), hafi verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnin getur tilkynnt viðkomandi aðildarríki að heimilt sé að framlengja frestinn, sem vísað er til í þessari málsgrein, um sex mánuði þegar slíkt er réttlætanlegt vegna þess hversu flókið málið er og ef heilbrigði manna er engin hætta búin.“

2. LÖGGJÖF BANDALAGSINS

- 3) Í tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/97/EB ⁽³⁾, er mælt fyrir um þær kröfur sem áburður verður að uppfylla til að unnt sé að setja hann á markað með skilgreiningunni „EB-áburður“. Í stað tilskipunar 76/116/EBE er komin reglugerð (EB) nr. 2003/2003.
- 4) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 kemur fram tegundarheiti og samsvarandi kröfur, m.a. að því er varðar samsetningu, sem allur skilgreindur EB-áburður verður að uppfylla. EB-áburður, sem tilgreindur er í þessari skrá, er flokkaður eftir innihaldi aðalnæringarefnanna, þ.e. frumefnanna köfnunarefnis, fosförs og kalíums.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 3.6.2006, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 15.

(1) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 21.

(3) Stjtið. EB L 18, 23.1.1999, bls. 60.

- 5) Í reglunum um samsetningu áburðar, sem reglugerð (EB) nr. 2003/2003 tekur til, er ekki mælt fyrir um viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald skilgreinds EB-áburðar.
- 6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar er aðildarríkjunum óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu áburðar, sem er merktur „EB-áburður“ og er í samræmi við ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar, með skírskotun í samsetningu, auðkenni, merkingu eða umbúðir.
- 7) Samkvæmt 15. forsendu reglugerðarinnar mun framkvæmdastjórnin fjalla um jarðefnaáburð, sem af slysi inniheldur kadmíum, og semja tillögu, eftir því sem við á, sem hún mun leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 8) Unnið er að því að undirbúa tillögu framkvæmdastjórnarinnar um kadmíum í áburði.
- 11) Eftirfarandi ákvæði eru nú í gildi:
- samkvæmt 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/349/EB⁽⁴⁾ er Austurríki heimilt að banna að jarðefnaáburður, sem inniheldur fosfór, sé settur á innlendan markað ef kadmíuminnihald hans er meira en 75 mg/kg P₂O₅,
 - samkvæmt 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/348/EB⁽⁵⁾ er Finnlandi heimilt að banna að jarðefnaáburður, sem inniheldur fosfór, sé settur á innlendan markað ef hann inniheldur meira en 50 mg af kadmíumi fyrir hvert kíló af fosfór,
 - að lokum er Svíþjóð heimilt skv. 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/347/EB⁽⁶⁾ að banna að jarðefnaáburður, sem inniheldur fosfór, sé settur á innlendan markað ef hann inniheldur meira en 100 gr af kadmíumi fyrir hvert tonn af fosfór.
- 12) Þessar undanþágur gilda þar til samhæfðar ráðstafanir varðandi kadmíum í áburði hafa verið samþykktar á vettvangi Bandalagsins.

3. INNLENDAR UNÐANÞÁGUR TIL HANDA AUSTURRÍKI, FINNLANDI OG SVÍÞJÓÐ

- 9) Í samningaviðræðunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu var vakið máls á vettvangi Bandalagsins á áhyggjum af umhverfinu vegna kadmíums í áburði. Með aðildarlögunum fengu þessi þrjú ríki tímabundnar undanþágur frá löggjöf Bandalagsins um áburð til þess að unnt yrði að rannsaka nákvæmlega, á vettvangi Bandalagsins, áhættu af völdum kadmíums í áburði.
- 10) Á grundvelli niðurstaðna úr innlendum áhættumatsgerðum framlengdi framkvæmdastjórnin árið 2002 undanþágur til handa Austurríki⁽¹⁾, Finnlandi⁽²⁾ og Svíþjóð⁽³⁾ til 31. desember 2005. Sökum tafa á samþykkt laga Bandalagsins varðandi kadmíuminnihald í áburði sem inniheldur fosfór voru undanþágurnar framlengdar á ný í janúar 2006.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/366/EB frá 15 maí 2002 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Austurríki hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtið. EB L 132, 17.5.2002, bls. 65).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/398/EB frá 24 maí 2002 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Finnland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtið. EB L 138, 28.5.2002, bls. 15).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/399/EB frá 24 maí 2002 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Svíþjóð hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtið. EB L 138, 28.5.2002, bls. 24).

4. LANDSLÖG TÉKKLANDS

- 13) Innlendu ákvæðin, sem Tékkland tilkynnti um, voru innleidd með áburðarlögunum⁽⁷⁾. Í c-lið 2. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um bann við því að setja áburð á innlendan markað ef hann inniheldur meira af hættulegum efnum en tilgreint er í lögunum.
- 14) Í tilskipun 474/2000 frá 13. desember 2000 þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi áburð⁽⁸⁾ eru m.a. fastsett viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald jarðefnaáburðar. Samkvæmt I. viðauka má jarðefnaáburður, sem inniheldur fosfór (með 5% P₂O₅ eða meira), ekki innihalda meira en 50 mg/kg af P₂O₅.
- 15) Tékkland gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. maí 2004. Í aðildarlögunum eru engin bráðabirgðaákvæði varðandi notkun og setningu kadmíums á markað í Tékklandi.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 25.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 19.

⁽⁷⁾ Lög 156/1998 frá 12. júní 1998 um áburð, jarðvegsbætandi efni og ræktunarefni ásamt jarðvegsefnagreiningu á ræktunarlendi (Act 156/1998 of 12 June 1998 on fertilisers, supplementary soil substances, supplementary plant preparations and substrates and on agrochemical testing of agricultural land) (Sbirka zákonů České Republiky nr. 54, 13.7.1998, bls. 6709).

⁽⁸⁾ Sbirka zákonů České Republiky nr. 137, 20.12.2000, bls. 7404.

16) Með tilskipun 209/2005 frá 20. maí 2005 um breytingu á tilskipun 474/2000 um kröfur varðandi áburð⁽¹⁾ eru innlendu ákvæðin færð til samræmis við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að takmarkanir á markaðssetningu, að því er varðar kadmíum í áburði, gildi eingöngu um innlenda áburð. Þær gilda ekki um „EB-áburðartegundir“.

II MÁLSMEÐFERÐ

17) Tékknesk yfirvöld tilkynntu framkvæmdastjórninni með bréfi frá 1. desember 2005 um þau innlendu ákvæði varðandi kadmíuminnihald í áburði sem þau hyggjast viðhalda eftir samþykkt reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

18) Framkvæmdastjórnin tilkynnti tékkneskum yfirvöldum með bréfi frá 13. desember 2005 að henni hefði borist tilkynningin skv. 4. mgr. 95. gr. og að sá sex mánaða frestur, sem settur væri til nánari athugunar skv. 6. mgr. 95. gr., hæfist 6. desember 2005, daginn eftir viðtöku tilkynningarinnar.

19) Framkvæmdastjórnin tilkynnti hinum aðildarríkjunum um tilkynningu Tékklands með bréfi 2. febrúar 2006. Framkvæmdastjórnin birti einnig auglýsingu varðandi tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*⁽²⁾ til þess að upplýsa aðra hagsmunaaðila um innlendu ákvæðin sem Tékkland hyggst viðhalda ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

III. MAT

1. MAT Á LÖGMÆTI

20) Í 4. mgr. 95. gr. sáttmálans segir að áliti aðildarríki, er ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstöfun til samræmingar, að óhjákvæmilegt sé að viðhalda innlendum ákvæðum sem helgast af grundvallarþörfum þeim sem um getur í 30. gr. eða af sjónarmiðum um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd skuli viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði þau sem um ræðir ásamt ástæðunum fyrir því að viðhalda þeim.

21) Samkvæmt tilkynningu tékkneskra yfirvalda frá 1. desember 2005 hyggjast þau fá leyfi til að halda áfram að beita innlendum ákvæðum sem eru ósamrýmanleg þeim ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er varða samsetningu skilgreinds EB-áburðar.

22) Eins og þegar hefur komið fram kemur 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 í veg fyrir að aðildarríkin setji takmarkanir á markaðssetningu skilgreinds EB-áburðar vegna samsetningar hans en í reglum um samsetningu eru ekki sett nein viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald. Þetta merkir að skv. 5. gr. er hægt að setja skilgreindan EB-áburð, sem uppfyllir kröfurnar í fyrrgreindri reglugerð, á markað án tillits til kadmíuminnihalds hans.

23) Í ljósi þess sem að framan greinir er ljóst að innlendu ákvæðin, sem Tékkland tilkynnti um, eru strangari en ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 að því leyti að þau banna að skilgreindur EB-jarðefnaáburður, sem inniheldur fosfór, sé settur á markað ef kadmíuminnihald hans er meira en 50 mg/kg P₂O₅.

24) Eins og tilgreint er hér að framan hefur framkvæmdastjórnin þegar veitt undanþágur þannig að Austurríki, Finnland og Svíþjóð geti viðhaldið innlendum ákvæðum. Þótt bráðabirgðaákvæði væru þegar fyrir hendi í aðildarlögunum voru undanþágurnar framlengdar á grundvelli niðurstaðna úr áhættumatgerðum sem innlend yfirvöld unnu í samræmi við sameiginlega aðferðafræði sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur samþykkt.

25) Samkvæmt 4. mgr. 95. gr. skal í tilkynningu um innlend ákvæði gera grein fyrir þeim ástæðum sem varða þær grundvallarþarfir, sem um getur í 30. gr., eða sjónarmið um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd. Í umsókn Tékklands kemur fram orðalag innlendu ákvæðanna ásamt niðurstöðum rannsóknar⁽³⁾ til að meta áhættu af völdum notkunar fosfatáburðar, sem inniheldur kadmíum, sem að mati tékkneskra yfirvalda er rökstuðningur fyrir áframhaldandi beitingu innlendra ákvæða. Innlenda áhættumatið byggist á þeirri aðferðafræði sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur samþykkt.

26) Í ljósi þess sem að framar greinir telur framkvæmdastjórnin að tilkynningin, sem Tékkland lagði fram til að fá samþykki fyrir því að viðhalda innlendum ákvæðum, sem víkja frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2003/2003, skuli því teljast tæk skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans.

⁽¹⁾ Sbirka zákonů České Republiky nr. 75, 20.5.2005, bls. 3928.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 29, 4.2.2006, bls. 8.

⁽³⁾ Čupr, P., Sánka, M., Holoubek, I.: Rannsókn til að meta áhættu fyrir umhverfi og heilbrigði af völdum notkunar fosfatáburðar sem inniheldur kadmíum (Study to assess risks to the environment and health resulting from the use of phosphate fertilisers containing cadmium), nóvember 2005. RECETOX Research Centre for Environmental Chemistry and Ecotoxicology, Masaryk University; TOCOEN REPORT nr. 285. <http://europa.eu.int/comm/enterprise/chemicals/legislation/fertilizers/cadmiu/m/sctee.pdf>

2. MAT Á MÁLSATVIKUM

- 27) Í samræmi við 95. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að öll skilyrði, sem gera aðildarríki kleift að nýta möguleika á undanþágu sem kveðið er á um í þessari grein, séu uppfyllt.
- 28) Framkvæmdastjórnin verður einkum að meta hvort unnt sé að rökstyðja þau ákvæði, sem aðildarríki tilkynnir um, með skírskotun til grundvallarþarfa, sem um getur í 30. gr. sáttmálans, eða til sjónarmiða um umhverfis- eða vinnuumhverfisvernd.
- 29) Samkvæmt 6. mgr. 95. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin einnig kanna, ef hún telur að færð hafi verið rök fyrir innlendu ákvæðunum, hvort þessi innlendu ákvæði feli í sér leið til gerræðislegrar mismununar eða duldar hömlur á viðskiptum milli aðildarríkjana og hvort þau séu hindrun í vegi fyrir starfsemi innri markaðarins.
- 30) Tékkland hefur byggt beiðni sína á nauðsyn þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið. Talið er að kadmíum í áburði sé ógnun við umhverfið og heilbrigði manna. Beiðni sinni til stuðnings vísar Tékkland til niðurstaðna innlendar rannsóknar þar sem fram kemur mat á þeirri áhættu sem tengist áburði sem inniheldur kadmíum.

2.1. RÖKSTUÐNINGUR MEÐ SKÍRSKOTUN TIL GRUNDVALLARÞARFA, SEM UM GETUR Í 30. GR., EÐA TIL SJÓNARMIÐA UM UMHVERFIS- EÐA VINNUMHVERFISVERND

2.1.1. *Almennar upplýsingar um kadmíum*

- 31) Kadmíum er þungmálmur sem finnst í umhverfinu frá náttúrunnar hendi en losun málmisins kemur aðallega til vegna margvíslegrar starfsemi manna (framleiðslu málna sem ekki innihalda járn, bruna jarðefnaeldsneytis, notkun áburðar o.s.frv.).
- 32) Almenn áhættumat á kadmíummálmum og kadmíumoxíði er nú í vinnslu samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna⁽¹⁾ þar sem Belgía gegnir hlutverki skýrslugjafarríkis. Þetta áhættumat mun taka til allar mikilvægrar notkunar og losunar kadmíums. Eins og sakir standa liggja einungis fyrir drög að skýrslu til umfjöllunar í tæknilegu tilliti.
- 33) Draga má þá ályktun af fyrirliggjandi vísindalegum gögnum að kadmíummálmur og kadmíumoxíð geti almennt talist skapa alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna, einkum að því er varðar nýru og bein. Kadmíumoxíð hefur einnig verið flokkað sem krabbameinsvaldur í 2. flokki. Þá er einnig almennt viðurkennt að kadmíum, sem berst í jarðveg og

fæðukeðjuna, kemur að langmestu leyti frá áburði. Í drögum að almenna áhættumatinu er hvatt til varkárni þar eð ekki er hægt að útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna við allar staðbundnar og svæðisbundnar aðstæður og þar eð jafnvel áhættuþættir, sem eru undir 1.0, veita e.t.v. ekki öllum hópum fólks nægilega vernd sökum mjög breytilegs styrks kadmíums í fæði og mismunandi mataræðis og næringarástands.

2.1.2. *Kadmíum í áburði*

- 34) Kadmíum finnst í náttúrunni sem berg með fosfatsteindum sem er unnið með námuvinnslu og notað sem hráefni til að framleiða jarðefnaáburð sem inniheldur fosfat. Þegar áburður þessi er fullunninn inniheldur hann alltaf nokkurt magn kadmíums en magnið fer eftir upprunalegu innihaldi kadmíums í berginu.
- 35) Kadmíum er talið skaðlegt umhverfinu og heilbrigði manna. Fosfatáburður hefur verið tilgreindur sem helsta uppspretta kadmíums á ræktanlegu landi þar sem því hættir til að safnast upp með tímanum. Uppskeran hefur tilhneigingu til að draga í sig kadmíum úr jarðveginum og kadmíuminnihald fæðu, sem er helsta uppspretta inntöku manna á kadmíumi, er orðið áhyggjuefni að því er varðar heilbrigði manna. Þegar kadmíum er innbyrt með fæðu hefur það tilhneigingu til að safnast fyrir í nýrunum og getur með tíð og tíma valdið nýrnatruflunum hjá viðkvæmum hópum.
- 36) Í samningaviðræðunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu var í fyrsta sinn vakið máls á vettvangi Bandalagsins á áhyggjum manna af umhverfinu vegna kadmíums í áburði. Eins og tilgreint er hér að framan fengu þessi þrjú aðildarríki bráðabirgðaundanþágu frá löggjöf Bandalagsins um áburð til þess að unnt yrði að meta vandlega, á vettvangi Bandalagsins, þá áhættu sem stafar af kadmíum í áburði.
- 37) Í þessu samhengi safnaði framkvæmdastjórnin fyrst saman öllum tiltækum gögnum og upplýsingum um hver staðan væri í Evrópubandalaginu með tilliti til váhrifa frá kadmíumi í áburði. Þar sem nægileg gögn lágu ekki fyrir í öllum aðildarríkjunum lét framkvæmdastjórnin framkvæma tvær rannsóknir til að móta aðferðafræði og verklagsreglur með það fyrir augum að meta þá áhættu sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af kadmíumi í áburði⁽²⁾. Aðildarríkin voru í kjölfarið hvött til að vinna áhættumat á landsvísi með því að styðjast við téða aðferðafræði og verklagsreglur.

(¹) Umhverfisauðindastjórnun (ERM), rannsókn á kröfum varðandi gögn og áætlun fyrir gagnaframleiðslu og gagnasöfnun til að styðja frekara mat á áhættu fyrir heilsu og umhverfi vegna kadmíums í áburði (ERM, study on data requirements and programme for data production and gathering to support a future evaluation of the risks to health and the environment for cadmium in fertilisers), mars 1999. Sjá einnig ERM, rannsókn til að koma á áætlun varðandi itarlegar verklagsreglur til að meta áhættu fyrir heilbrigði og umhverfi vegna kadmíums í áburði. (ERM, study to establish a programme of detailed procedures for the assessment of risks to health and the environment from cadmium in fertilisers), febrúar 2000.

(¹) Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

- 38) Níu aðildarríki hafa lokið við áhættumat að því er varðar kadmíum í áburði. Þessar áhættumatsgerðir hafa verið aðgengilegar almenningi á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar frá því í september 2001⁽¹⁾. Sérstök rannsókn, þar sem þessar áhættumatsgerðir eru greindar, hefur einnig verið birt og ýmsar leiðir hafa verið þróaðar til áhættustjórnunar varðandi kadmíum í áburði í öllu Bandalaginu⁽²⁾.
- 39) Vísindanefnd um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið (CSTEE)⁽³⁾ fékk framangreindar áhættumatsgerðir til rannsóknar. Vísindanefndin var einkum beðin að tilgreina mesta styrk kadmíums í áburði sem telst vera viðunandi ef komast á hjá verulegri aukningu kadmíuminnihalds í ræktunarjarðvegi. Vísindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á að takmarka innihald kadmíums í áburði til þess að koma í veg fyrir uppsöfnun kadmíums í jarðveginum. Jafnvel þótt áburður innihaldi kadmíum í mjög litlum styrk getur uppsöfnun átt sér stað í sumum jarðvegstegundum en mælist ekki í öðrum jarðvegstegundum jafnvel þótt notaður sé áburður sem inniheldur kadmíum í miklum styrk. Áburður, sem inniheldur minna en 20 mg Cd/kg P₂O₅, er hins vegar ekki talinn líklegur til að valda langtíma uppsöfnun í flestum jarðvegstegundum, ef ekki er tekið tillit til annars kadmíumilags, en áburður, sem inniheldur meira en 60 mg Cd/kg P₂O₅, er talinn líklegur til að valda langtíma uppsöfnun í flestum jarðvegstegundum. Af þessum sökum skal ákvarða viðmiðunarmörk fyrir kadmíum í fosfatáburði á grundvelli áhættumats og með því að taka tillit til allra upptaka kadmíums⁽⁴⁾.
- 40) Tekið hefur alllangan tíma að ljúka við almennt áhættumat á kadmíumi og kadmíumoxíði og nú sem stendur er ekki til endanlegt mat á áhættu af völdum kadmíums sem nær til alls Evrópusambandsins. Lokadrög að almennu áhættumati frá mars 2005 styðja álit vísindanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið varðandi uppsöfnun kadmíums í jarðvegi. Enda þótt fram komi í drögum að framlag það, sem kemur frá kadmíumi í áburði, nægi e.t.v. ekki í sjálfu sér til að áhættan fyrir heilbrigði manna eða umhverfið verði alvarleg og bráð er þörf á að sýna varkárni þar eð ekki er hægt að útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna við allar staðbundnar og svæðisbundnar aðstæður vegna þess hve styrkur kadmíums er breytilegur í matvælum og vegna mismunandi mataræðis og næringarástands.

- 41) Tillögu framkvæmdastjórnarinnar varðandi kadmíum í áburði hefur seinkað nokkuð þar eð beðið er eftir því að lokið verði almennu áhættumati varðandi kadmíum og kadmíumoxíð og e.t.v. gerðar ráðstafanir til að draga úr áhættu í kjölfar þess.

2.1.3. Áhættumat Tékklands

- 42) Tékknesk yfirvöld lögðu fram innlent áhættumat til stuðnings beiðni sinni varðandi viðmiðunarmörk fyrir kadmíum í fosfatáburði. Ramminn, sem notaður er við vinnslu áhættumatsins, er byggður úr þrenns konar matseiningum:

2.1.3.1. Matseining fyrir uppsöfnun

- 43) Samkvæmt þessari matseiningu er hrein uppsöfnun kadmíums í jarðvegi og jarðvegslausn (eða gropuvatni)⁽⁵⁾, sem stafar af áburðarnotkun, reiknuð yfir ákveðið tímabil við stöðugt ástand. Í matseiningunni fyrir uppsöfnun er gert ráð fyrir mismikilli áburðargjöf, t.d. meðalskömmun og háskömmun. Tékkneska áhættumatið sýnir að í þessari matseiningu eru eftirfarandi áhrifaþættir teknir til greina:

- núverandi styrkleiki kadmíums í jarðvegi,
- ílagshraði kadmíums (af völdum jarðefnaáburðar en einnig vegna ákomu úr andrúmsloftinu, efnablandna með jarðvegsnæringarefnum, skólpeðju og veðrun móðurbergs),
- hraði upptöku kadmíums hjá plöntum,
- útskolunarhraði kadmíums, eftir árlegu umframmagni úrkomu og styrk kadmíums í grupusigvatni (pore water leachate),
- styrkur kadmíums í jarðveginum og útskolunarhraði eins og er og eftir eitt hundrað ár í þremur sviðsmyndum: við núverandi skilyrði, skilyrði þar sem áburðarnotkun eykst og skilyrði þar sem styrkur kadmíums í áburði eykst.

2.1.3.2. Matseining fyrir váhrif

- 44) Samkvæmt þessari matseiningu er upptaka matjurta á kadmíumi úr jarðvegi og síðan inntaka manna á kadmíumi reiknuð með því að nota váhrifaþætti sem eru lýsandi fyrir bæði sviðsmyndir af núverandi váhrifum og sviðsmyndir þar sem váhrif eru mjög mikil.

⁽¹⁾ http://europa.eu.int/comm/enterprise/chemicals/legislation/fertilizers/cadmium/reports_en.htm

⁽²⁾ ERM, greining og niðurstöður áhættumats aðildarríkanna á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið vegna kadmíums í áburði (ERM, analysis and conclusions from Member States' assessment of the risk to health and the environment from Cadmium in fertilisers), október 2001.

⁽³⁾ Heitir nú vísindanefndin um heilsufars- og umhverfisáhættu (SCHER).

⁽⁴⁾ Álit vísindanefndar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið (CSTEE) um mat aðildarríkanna á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið vegna kadmíums í áburði. Álitið var gefið á 33. allsherjarfundi vísindanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið (CSTEE) í Brussel 24. september 2002. <http://europa.eu.int/comm/enterprise/chemicals/legislation/fertilizers/cadmium/m/sctee.pdf>

⁽⁵⁾ Gropuvatn (pore water) er sá hluti vatns í jarðveginum sem helst með hárpúkrafu milli fastra agna í jarðveginum.

2.1.3.3. Matseining fyrir áhættulýsingu

- 45) Þessi matseining gerir Tékklandi kleift að meta tíðni og alvarleika skaðlegra áhrifa sem líklegt er að komi fram vegna raunverulegra eða reiknaðra váhrifa af völdum kadmíums. Gerðir eru útreikningar fyrir þrjár sviðsmyndir og fjögur PNEC-gildi ⁽¹⁾.

2.1.4. Niðurstöður áhættumatsins

- 46) Notkun matseininganna hefur leitt af sér áhættustuðla (hlutföll milli áætlaðs styrks í umhverfinu og styrks þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PEC/PNEC-hlutföll)) ⁽²⁾ á bilinu 0,1–1,19, með áherslu á raunsætt gildi 0,93 fyrir verstu hugsanlegur aðstæður sem rök fyrir innlendum takmörkunum, að því tilskildu að kadmíuminnihald í jarðefnaáburði, sem inniheldur fosfór, fari ekki yfir 50 mg/kg P₂O₅.

2.1.5. Mat á stöðu Tékklands

- 47) Áhættumatið, sem tékknesk yfirvöld lögðu fram, var unnið í samræmi við verklagsreglur og aðferðafræði sem voru ákvarðaðar á vettvangi Bandalagsins og talið er að tryggji að upplýsingarnar, sem fást, séu mjög áreiðanlegar.

- 48) Þar sem Tékkland hefur lagt til PEC/PNEC-gildi, sem er nálægt 1, sem rökstuðning fyrir því að viðhalda innlendum ákvæðum þótti heppilegt að leggja áhættumatið fyrir vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um heilsufars- og umhverfisáhættu (SCHER) til ítarlegrar athugunar.

- 49) Vísindanefndin um heilsufars- og umhverfisáhættu hefur einkum verið beðin um:

— að meta almenn vísindaleg gæði tékknesku skýrslunnar og greina alla meiri háttar annmarka,

— að gefa umsögn um það hvort þær sviðsmyndir, sem voru rannsakaðar, hafi verið viðeigandi og um niðurstöður varðandi uppsöfnun kadmíums í jarðveginum,

— að koma með athugasemdir um það hvort tilgreint PEC/PNEC-gildi upp á 0,93 sé það gildi sem á best við til að lýsa áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

- 50) Mat á stöðu Lýðveldisins Tékklands er því frestað þar til framkvæmdastjórninni hefur borist álit vísindanefndarinnar.

2.2. BEITING ÞRÍÐJU UNDIRGREINAR 6. MGR. 95. GR. SÁTTMÁLANS

- 51) Framkvæmdastjórnin telur, eftir nákvæma rannsókn á þessum gögnum, að þau skilyrði, sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 6. mgr. 95. gr., séu uppfyllt þannig að unnt sé að nýta möguleikann á að framlengja sex mánaða frestinn sem framkvæmdastjórnin hefur til þess að samþykkja eða hafna innlendum ákvæðum sem kveðið er á um í þeirri grein.

2.2.1. Rökstuðningur sem er byggður á því hversu flókið málið er

- 52) Með tilliti til rannsóknarinnar, sem tékknesk yfirvöld lögðu fram, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að PEC/PNEC-gildið sé mjög nálægt 1, er nauðsynlegt að vísindanefndin um heilsufars- og umhverfisáhættu (SCHER) framkvæmi rannsókn til þess að skýra hvort í reynd sé um áhættu að ræða fyrir umhverfið og heilbrigði manna. Haft var samráð við vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar á sínum tíma þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð lögðu fram svipaðar rannsóknir til stuðnings beiðni sinni um innlendar undanþágur. Framkvæmdastjórnin skal því biðja niðurstaðna úr þessari endurskoðun áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt fyrstu undirgrein 6. mgr. 95. gr. Framkvæmdastjórnin telur að við þessar kringumstæður sé réttlæt看legt að framlengja sex mánaða frestinn, sem hún hefur til þess að samþykkja eða hafna innlendum ákvæðum, til þess að vísindanefndinni sé unnt að vinna vandað mat og álit og til þess að hægt sé að draga samsvarandi ályktanir varðandi innlend ákvæði. Í þessu skyni er nauðsynlegt að framlengja frestinn til 6. desember 2006.

2.2.2. Heilbrigði manna engin hættu búin

- 53) Á grundvelli þeirra forsendna og sviðsmynda sem eru notaðar er niðurstaða tékknesku skýrslunnar sú að eins og sakir standa hafi notkun kadmíums í áburði ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna.

- 54) Leyfilegur þolanlegur vikuskammtur (PTWI) kadmíums, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fastsetti, er 7 µg/kg á viku. Þessi viðmiðunarmörk jafngilda 60 µg á dag fyrir einstakling sem vegur um 60 kg. Í Lýðveldinu Tékklandi er áætlað að meðaldagskammtur kadmíums hjá fullorðnum einstaklingi sé 12–27 µg á dag árið 2000, eftir því hvaða sviðsmynd er notuð, sem jafngildir u.þ.b. 19%–45% af viðmiðunarmörkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

⁽¹⁾ PNEC: styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (Predictable No-Effect Concentration).

⁽²⁾ Sú áhættumatsaðferð, sem tilgreind er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 og lýst er nánar í tæknilegum leiðbeiningum um mat á áhættu af völdum nýrra og skráðra efna, felst í að reikna út hlutföll milli áætlaðs styrks tiltekins efnis í umhverfinu (PEC) og styrk þess efnis í tilteknu umhverfshólfi þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC). Áhætta er mæld með hlutfalli PEC/PNEC, magni sem vísað er til í tékknesku skýrslunni sem hættustuðul. PEC/PNEC-hlutfall sem er lægra en 1 bendir til þess að ekki sé fyrir hendi nein áhætta fyrir umhverfið en sé hlutfallið 1 eða hærra bendir það til ástands þar sem áhætta er raunveruleg eða hugsanleg; því stærra sem hlutfallið er, þeim mun meira er umfang áhrifanna. Hlutfallslegar aðgerðir til áhættustjórnunar eru tilgreindar í þeim tilvikum þar sem PEC/PNEC-hlutfallið er hærra en 1.

55) Í þeirri matseiningu fyrir áhættulýsingu hjá mönnum, sem tékknesk yfirvöld lögðu fram, var inntekið magn af kadmíumi, sem greint var í mismunandi sviðsmyndum, borið saman við þau viðmiðunarmörk sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með. Niðurstaðan er svokölluð öryggismörk. Ef öryggismörk fara yfir 1 má líta svo á að viðkomandi aðstæður geti haft áhættu í för með sér fyrir heilbrigði einstaklings, sem verður fyrir váhrifum. Á grundvelli þeirra forsendna og þeirrar aðferðafræði, sem notaðar eru í tékknesku skýrslunni, sem er í athugun hjá vísindanefndinni, var ekki farið yfir öryggismörkin 1 í neinum sviðsmyndum, þ.m.t. efri marka sviðsmyndin sem var rannsökuð, þ.e.a.s. ef gert er ráð fyrir að 100% innbyrtra matvæla séu upprunnin á svæðum þar sem áburður er borinn á og að kadmíuminnihaldið sé um 90 mg/kg P₂O₅.

IV. NIÐURSTAÐA

- 56) Í ljósi þess sem að framan greinir kemst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að umsókn Tékklands, sem henni var tilkynnt um 1. desember 2005 í því skyni að fá samþykki fyrir áframhaldandi beitingu innlendra ákvæða varðandi kadmíuminnihald í áburði, sé tæk.
- 57) Vegna þess hversu flókið málið er og þar sem engar vísbendingar eru um að heilbrigði manna sé hættu búin telur framkvæmdastjórnin réttlætanlegt að framlengja

frestinn, sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. 95., gr., til 6. desember 2006.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Samkvæmt þriðju undirgrein, 6. mgr. 95. gr. sáttmálans er fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein fyrrnefndrar greinar, til þess að samþykkja eða hafna innlendu ákvæðunum, sem Tékkland tilkynnti um 1. desember 2005 skv. 4. mgr. 95. gr. og varða kadmíum í áburði, framlengdur til 6. desember 2006.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Tékklands.

Gjört í Brussel 24. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.